

**Heilbrigðisstofnun Norðurlands**  
08 757

**Ársreikningur 2020**

## Efnisyfirlit

|                                       | <b>Bls.</b> |
|---------------------------------------|-------------|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns ..... | 2           |
| Yfirlit um afkomu ársins .....        | 3           |
| Efnahagsreikningur .....              | 4           |
| Sjóðstreymisyfirlit .....             | 5           |
| Starfspáttayfirlit .....              | 6           |
| Skýringar .....                       | 7           |

**Heilbrigðisstofnun Norðurlands**

**kt. 551014-0290**

**Auðbrekku 4, 640 Húsavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Heilbrigðisstofnun Norðurlands er ríkisaðili í A-hluta sem veitir heilsugæsluþjónustu, sjúkrahúsþjónustu auk öldrunarþjónustu í formi hjúkrunar- og dvalarrýma. Starfsemi Heilbrigðisstofnunar Norðurlands nær frá Blönduós í vestri til Þórshafnar í austri.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir nokkur málefnasvið og málaflokka samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreining þess fram í starfsþáttayfirliti.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 7.310,6 milljónir og afkoma kr. -37,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -32,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 989,3 milljónir.

Það er álit okkar að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Heilbrigðisstofnunar Norðurlands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstjóri og framkvæmdastjóri fjármála og stoðsviða HSN staðfesta hér með ársreikning Heilbrigðisstofnunar Norðurlands fyrir árið 2020 með undirritunum sínum.

Jón Helgi Björnsson,  
forstjóri

Þórhallur Harðarson,  
framkvæmdastjóri fjármála og stoðsviða

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

|  | Skýr | 2020                 | 2019                 |
|--|------|----------------------|----------------------|
| <b>Tekjur</b>  |      |                      |                      |
| Tekjufærsla fjárveitinga .....                       | 2    | 6.535.702.619        | 5.836.600.000        |
| Seld þjónusta .....                                  | 3    | 582.110.043          | 575.362.656          |
| Vörusala .....                                       |      | 50.899.110           | 40.050.999           |
| Framlög og ýmsar tekjur .....                        | 4    | 76.531.737           | 70.679.045           |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....          | 2    | 65.346.912           | 60.794.137           |
| <b>Tekjur samtals</b>                                |      | <b>7.310.590.421</b> | <b>6.583.486.837</b> |
| <b>Gjöld</b>   |      |                      |                      |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður ..... | 5    | 5.140.734.508        | 4.655.417.208        |
| Annar rekstrarkostnaður .....                        | 6    | 2.139.192.522        | 1.929.933.444        |
| Afskriftir .....                                     | 7    | 65.346.912           | 60.794.137           |
| <b>Gjöld samtals</b>                                 |      | <b>7.345.273.942</b> | <b>6.646.144.789</b> |
| <b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>                    |      | <b>(34.683.521)</b>  | <b>(62.657.952)</b>  |
| <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>            |      |                      |                      |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....       |      | 499.217              | 269.977              |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....             |      | (3.193.353)          | (1.253.245)          |
|  |      | (2.694.136)          | (983.268)            |
| <b>Afkoma ársins</b>                                 |      | <b>(37.377.657)</b>  | <b>(63.641.220)</b>  |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

| Eignir  | Skýr | 31.12.2020           | 31.12.2019         |
|---|------|----------------------|--------------------|
| <b>Fastafjármunir</b>                             |      |                      |                    |
| Óefnislegar eignir .....                          | 8    | 377.608              | 4.050.862          |
| Varanlegir rekstrarfjármunir:                     | 9    |                      |                    |
| Áhöld, tæki og búnaður .....                      |      | 211.115.217          | 219.532.699        |
| Farartæki og vélar .....                          |      | 66.510.983           | 71.743.381         |
| Aðrar eignir .....                                |      | 1.455.088            | 1.604.393          |
|   |      | <u>279.081.288</u>   | <u>292.880.473</u> |
| <b>Fastafjármunir samtals</b>                     |      | <u>279.458.896</u>   | <u>296.931.335</u> |
| <b>Veltufjármunir</b>                             |      |                      |                    |
| Birgðir .....                                     | 10   | 39.007.348           | 31.928.810         |
| Viðskiptakröfur .....                             | 11   | 42.278.243           | 31.979.952         |
| Tengdir aðilar .....                              | 12   | 581.531.336          | 328.985.798        |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður ..... | 13   | 26.350.765           | 33.092.447         |
| Handbært fé .....                                 | 14   | 20.640.249           | 144.720.488        |
|   |      | <u>709.807.941</u>   | <u>570.707.495</u> |
| <b>Veltufjármunir samtals</b>                     |      | <u>709.807.941</u>   | <u>570.707.495</u> |
| <b>Eignir samtals</b>                             |      | <u>989.266.837</u>   | <u>867.638.830</u> |
| <b>Eigið fé og skuldir</b>                        |      |                      |                    |
| <b>Eigið fé</b>                                   | 15   |                      |                    |
| Hrein eign .....                                  |      | (32.338.972)         | 5.038.685          |
| <b>Eigið fé samtals</b>                           |      | <u>(32.338.972)</u>  | <u>5.038.685</u>   |
| <b>Skuldir</b>                                    |      |                      |                    |
| Lánastofnanir .....                               | 16   | 49.635.074           | 0                  |
| Tengdir aðilar .....                              | 12   | 27.356.487           | 36.194.739         |
| Viðskiptaskuldir .....                            |      | 182.029.600          | 121.191.460        |
| Ýmsar skammtímaskuldir .....                      | 17   | 439.129.908          | 388.259.846        |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....   | 18   | 323.454.740          | 316.954.100        |
|   |      | <u>1.021.605.809</u> | <u>862.600.145</u> |
| <b>Skuldir samtals</b>                            |      | <u>1.021.605.809</u> | <u>862.600.145</u> |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>                |      | <u>989.266.837</u>   | <u>867.638.830</u> |
| <b>Aðrar upplýsingar</b>                          | 19   |                      |                    |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

|  | Skýr | 2020                 | 2019                 |
|--|------|----------------------|----------------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                        |      |                      |                      |
| Hreint veltufé frá rekstri:                      |      |                      |                      |
| Afkoma ársins .....                              |      | (37.377.657)         | (63.641.220)         |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: |      |                      |                      |
| Afskriftir .....                                 | 7    | 65.346.912           | 60.794.137           |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....      |      | (65.346.912)         | (60.794.137)         |
|  |      | <u>(37.377.657)</u>  | <u>(63.641.220)</u>  |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:           |      |                      |                      |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....    |      | (3.556.609)          | (6.523.480)          |
| Tengdir aðilar .....                             |      | (237.410.711)        | 12.367.695           |
| Birgðir .....                                    |      | (7.078.538)          | 6.211.905            |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:          |      |                      |                      |
| Skammtímaskuldir .....                           |      | 161.343.276          | 58.037.925           |
|  |      | <u>(86.702.582)</u>  | <u>70.094.045</u>    |
|  |      | <u>(124.080.239)</u> | <u>6.452.825</u>     |
| <b>Handbært fé frá rekstri</b>                   |      |                      |                      |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>                   |      |                      |                      |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....       | 9    | (47.874.473)         | (135.564.979)        |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....       |      | 700.000              | 3.500.000            |
|  |      | <u>(47.174.473)</u>  | <u>(132.064.979)</u> |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                    |      |                      |                      |
| Fjárfestingarframlag .....                       |      | 46.326.921           | 103.943.071          |
| Gjafaframlög til fjárfestinga .....              |      | 847.552              | 28.121.908           |
|  |      | <u>47.174.473</u>    | <u>132.064.979</u>   |
| <b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>             |      |                      |                      |
| Handbært fé í byrjun árs .....                   |      | (124.080.239)        | 6.452.825            |
|  |      | <u>144.720.488</u>   | <u>138.267.663</u>   |
|  |      | <u>20.640.249</u>    | <u>144.720.488</u>   |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2020, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

|  | Heilsugæslusvið<br>08 757 101 | Sjúkrasvið<br>08 757 111 | Hjúkrunarrými<br>08 757 121 | Samtals<br>2020      |
|--|-------------------------------|--------------------------|-----------------------------|----------------------|
|  | Málefna svið - mála flokkur   |                          |                             |                      |
|  | 24 10                         | 23 20                    | 25 10                       |                      |
| <b>Tekjur</b>  |                               |                          |                             |                      |
| Tekjufærsla fjárveitinga .....   | 3.908.902.619                 | 1.057.800.000            | 1.569.000.000               | 6.535.702.619        |
| Seld þjónusta .....  | 225.601.211                   | 115.640.326              | 240.868.506                 | 582.110.043          |
| Vörusala .....   | 17.833.445                    | 32.692.466               | 373.199                     | 50.899.110           |
| Framlög og ýmsar tekjur .....  | 37.644.344                    | 37.058.436               | 1.828.957                   | 76.531.737           |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrir ára .....  | 44.441.487                    | 15.614.163               | 5.291.262                   | 65.346.912           |
| <b>Tekjur samtals</b>  | <b>4.234.423.106</b>          | <b>1.258.805.391</b>     | <b>1.817.361.924</b>        | <b>7.310.590.421</b> |
| <b>Gjöld</b>   |                               |                          |                             |                      |
| Laun og launatengd gjöld .....   | 2.778.577.389                 | 831.566.558              | 1.530.590.561               | 5.140.734.508        |
| Annar rekstrarkostnaður .....  | 1.335.456.676                 | 449.656.813              | 354.079.033                 | 2.139.192.522        |
| Afskriftir .....   | 44.441.487                    | 15.614.163               | 5.291.262                   | 65.346.912           |
| <b>Gjöld samtals</b>   | <b>4.158.475.552</b>          | <b>1.296.837.534</b>     | <b>1.889.960.856</b>        | <b>7.345.273.942</b> |
| <b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>  | <b>75.947.554</b>             | <b>(38.032.143)</b>      | <b>(72.598.932)</b>         | <b>(34.683.521)</b>  |
| <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>  |                               |                          |                             |                      |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....   | 499.217                       | 0                        | 0                           | 499.217              |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....   | (2.568.068)                   | (262.053)                | (363.232)                   | (3.193.353)          |
|  | (2.068.851)                   | (262.053)                | (363.232)                   | (2.694.136)          |
| <b>Afkoma ársins</b>   | <b>73.878.703</b>             | <b>(38.294.196)</b>      | <b>(72.962.164)</b>         | <b>(37.377.657)</b>  |
| <b>Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum</b>   |                               |                          |                             |                      |
| Rekstur .....  | 73.878.703                    | (38.294.196)             | (72.962.164)                | (37.377.657)         |
|  | 73.878.703                    | (38.294.196)             | (72.962.164)                | (37.377.657)         |
| <b>Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:</b> |                               |                          |                             |                      |
| Fjárlög að frádrögnum rekstrartekjum .....   | 3.508.500.000                 | 1.013.000.000            | 1.466.500.000               | 5.988.000.000        |
| Fjárukalög .....   | 247.100.000                   | 2.000.000                | 2.500.000                   | 251.600.000          |
| Millifærslur milli fjárlagaliða .....  | 153.302.619                   | 42.800.000               | 100.000.000                 | 296.102.619          |
| Fjárveiting til tekna .....  | 3.908.902.619                 | 1.057.800.000            | 1.569.000.000               | 6.535.702.619        |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi .....   | (3.835.023.916)               | (1.096.094.196)          | (1.641.962.164)             | (6.573.080.276)      |
| <b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs</b> .....   | <b>73.878.703</b>             | <b>(38.294.196)</b>      | <b>(72.962.164)</b>         | <b>(37.377.657)</b>  |
| Staða fjárveitinga 2019 í lok þess árs .....   | 97.020.581                    | 343.710.503              | (442.010.663)               | (1.279.579)          |
| <b>Staða rekstrarheimilda í árslok 2020</b> .....  | <b>170.899.284</b>            | <b>305.416.307</b>       | <b>(514.972.827)</b>        | <b>(38.657.236)</b>  |
| <b>Fjárfestingar</b>   |                               |                          |                             |                      |
| Fjárveiting ársins skv. Fjárlögum og Fjárukalögum .....  | 24.500.000                    | 14.800.000               | 1.000.000                   | 40.300.000           |
| Millifærslur milli fjárlagaliða .....  | 0                             | 30.000.000               | 0                           | 30.000.000           |
| Fjárfesting á árinu .....  | (34.780.210)                  | (9.602.419)              | (3.491.844)                 | (47.874.473)         |
| Sala fastafjármuna .....   | 700.000                       | 0                        | 0                           | 700.000              |
| Styrkir veittir til fjárfestinga .....   | 0                             | 360.000                  | 487.552                     | 847.552              |
| <b>Staða fjárfestingafjárveitingar</b> .....   | <b>(9.580.210)</b>            | <b>35.557.581</b>        | <b>(2.004.292)</b>          | <b>23.973.079</b>    |
| Staða fjárfestinga 2019 í lok þess árs .....   | (66.321.570)                  | 104.281.053              | (17.936.718)                | 20.022.765           |
| <b>Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2020</b> .....   | <b>(75.901.780)</b>           | <b>139.838.634</b>       | <b>(19.941.010)</b>         | <b>43.995.844</b>    |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.



## Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

|                              |                    |
|------------------------------|--------------------|
| Áhöld, tæki og búnaður ..... | 3-10 ár            |
| Farartæki og vélar .....     | 8-15 ár            |
| Aðrar eignir .....           | óafskrifað / 10 ár |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningssskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- úppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

## Skýringar

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Starfsþáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

|                                   | 2020                 | 2019                 |
|-----------------------------------|----------------------|----------------------|
| <b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b> |                      |                      |
| Fjárveiting ársins .....          | 6.535.702.619        | 5.836.600.000        |
| Tekjufærsla frestaðra tekna ..... | 65.346.912           | 60.794.137           |
|                                   | <u>6.601.049.531</u> | <u>5.897.394.137</u> |

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

|   | Rekstur              | Rekstrar-<br>tilfærslur | Fjármagns-<br>tilfærslur | Samtals              |
|---|----------------------|-------------------------|--------------------------|----------------------|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....               | 5.988.000.000        | 0                       | 0                        | 5.988.000.000        |
| Fjáraukalög .....   | 251.600.000          | 0                       | 0                        | 251.600.000          |
| Millifærslur milli fjárlagaliða .....                                   | 296.102.619          | 0                       | 0                        | 296.102.619          |
| <b>Fjárveiting til tekna .....</b>                                      | <b>6.535.702.619</b> | <b>0</b>                | <b>0</b>                 | <b>6.535.702.619</b> |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ..... | (6.573.080.276)      | 0                       | 0                        | (6.573.080.276)      |
| <b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>                        | <b>(37.377.657)</b>  | <b>0</b>                | <b>0</b>                 | <b>(37.377.657)</b>  |

|                                  | 2020               | 2019               |
|----------------------------------|--------------------|--------------------|
| <b>3 Seld þjónusta</b>           |                    |                    |
| Sérfræðiþjónusta .....           | 302.699.483        | 314.581.925        |
| Verksala .....                   | 27.448.436         | 24.497.816         |
| Ýmsar þjónustutekjur .....       | 6.203.333          | 6.651.926          |
| Gjöld fyrir vistun .....         | 158.906.372        | 144.670.947        |
| Veitingasala .....               | 85.550.707         | 84.258.818         |
| Fræðslustarfsemi og fundir ..... | 1.301.712          | 701.224            |
|                                  | <u>582.110.043</u> | <u>575.362.656</u> |

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

|   |                   |                   |
|---|-------------------|-------------------|
| Leigutekjur .....                               | 58.759.142        | 50.918.114        |
| Afnotagjöld .....                               | 712.277           | 938.429           |
| Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir ..... | 8.199.996         | 8.549.996         |
| Ýmsar tekjur .....                              | 8.860.322         | 10.272.506        |
|   | <u>76.531.737</u> | <u>70.679.045</u> |

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

|                            |                      |                      |
|----------------------------|----------------------|----------------------|
| Laun .....                 | 4.110.638.091        | 3.758.597.643        |
| Orlof, breyting .....      | 77.722.647           | 17.003.259           |
| Launatengd gjöld .....     | 919.355.607          | 848.489.795          |
| Lífeyrisgreiðslur .....    | 26.890.883           | 20.335.266           |
| Starfsmannakostnaður ..... | 6.127.280            | 10.991.245           |
|                            | <u>5.140.734.508</u> | <u>4.655.417.208</u> |

|                              |       |       |
|------------------------------|-------|-------|
| Meðalfjöldi stöðugilda ..... | 390,7 | 384,3 |
|------------------------------|-------|-------|

## Skýringar

|  | 2020          | 2019          |
|--|---------------|---------------|
| <b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>                             |               |               |
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....                            | 7.236.987     | 8.507.140     |
| Byggingarvörur, almennar ....                                | 67.048        | 112.891       |
| Byggingarvörur, aðrar ....                                   | 0             | 143.287       |
| Tæki og búnaður til innréttinga ....                         | 169.346       | 1.130.434     |
| Ýmis tæki og áhöld ....                                      | 10.829.030    | 7.908.281     |
| Varahlutir og viðhaldsvörur ....                             | 4.982.175     | 4.188.072     |
| Orkugjafar ....  | 61.770.375    | 60.389.126    |
| Matvæli ....   | 156.532.381   | 150.884.767   |
| Almennar rekstrarvörur ....                                  | 48.438.708    | 39.019.023    |
| Vörukaup, almenn   | 290.026.050   | 272.283.021   |
| Rannsóknarstofuefni ....                                     | 40.722.628    | 53.088.038    |
| Lyf og tengd efni ....                                       | 91.242.869    | 80.767.663    |
| Lækninga- og hjúkrunarvörur ....                             | 61.310.786    | 52.894.989    |
| Sjúkrahústæki og áhöld ....                                  | 4.848.830     | 2.675.123     |
| Kennslu- og föndurvörur ....                                 | 608.292       | 653.540       |
| Ýmsar sérgreindar vörur ....                                 | 0             | 44.227        |
| Vörukaup, sérgreind  | 198.733.405   | 190.123.580   |
| Fundir, námskeið, risna ....                                 | 7.258.452     | 9.934.810     |
| Ferðir, upphald ....   | 15.144.531    | 27.351.900    |
| Akstur ....  | 89.850.448    | 84.872.177    |
| Sérfræðiþjónusta ....  | 581.920.276   | 494.559.530   |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....              | 3.627.033     | 3.126.353     |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....                       | 5.248.739     | 7.789.798     |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....           | 32.380.166    | 22.149.400    |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta    | 735.429.645   | 649.783.968   |
| Samningsbundin kaup og leiga ....                            | 5.608.224     | 4.489.766     |
| Afnotagjöld ....   | 123.005.961   | 82.660.784    |
| Leigugjöld ....  | 660.934.571   | 600.885.578   |
| Notkun véla og flutningatækja ....                           | 6.693.564     | 3.273.164     |
| Verkkaup ....  | 103.331.819   | 95.038.003    |
| Kostnaðarhlutdeild ....                                      | 6.222.251     | 3.843.024     |
| Áhættutap og bætur ....                                      | 1.485.660     | 78.933        |
| Tryggingar, lögboðnar ....                                   | 4.315.131     | 3.974.213     |
| Opinber gjöld ....   | 8.652.325     | 9.125.389     |
| Tapaðar kröfur ....  | 1.832.454     | (5.150)       |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 922.081.960   | 803.363.704   |
| Birgðabreytingar, fullunnar vörur ....                       | (7.078.538)   | 14.379.171    |
| Vörur til endursölu og birgðabreyting                        | (7.078.538)   | 14.379.171    |
| Annar rekstrarkostnaður samtals                              | 2.139.192.522 | 1.929.933.444 |
| <b>7 Afskriftir</b>  |               |               |
| Áhöld, tæki og búnaður ....                                  | 46.937.964    | 37.788.866    |
| Farartæki og vélar ....                                      | 13.381.813    | 13.525.314    |
| Aðrar eignir ....  | 149.305       | 204.409       |
| Sölutap og úreltar eignir ....                               | 1.204.576     | 5.391.501     |
| Niðurfærsla óefnislegra eigna ....                           | 3.673.254     | 3.884.047     |
|  | 65.346.912    | 60.794.137    |

## Skýringar

|   | 31.12.2020                    | 31.12.2019                |                     |                    |
|---|-------------------------------|---------------------------|---------------------|--------------------|
| <b>8 Óefnislegar eignir</b>   |                               |                           |                     |                    |
| Óefnislegar eignir .....  | 377.608                       | 4.050.862                 |                     |                    |
| Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2020:                         |                               | <b>Hugbúnaður</b>         |                     |                    |
| Stofnverð 1.1.2020 .....  |                               | 11.653.330                |                     |                    |
|   |                               | <u>11.653.330</u>         |                     |                    |
| Niðurfært 1.1.2020 .....  |                               | 7.602.468                 |                     |                    |
| Niðurfærsla ársins .....  |                               | 3.673.254                 |                     |                    |
|   |                               | <u>11.275.722</u>         |                     |                    |
| Staða 31.12.2020 .....  |                               | <u>377.608</u>            |                     |                    |
| <b>9 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>                                     |                               |                           |                     |                    |
|   | <b>31.12.2020</b>             | <b>31.12.2019</b>         |                     |                    |
| Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:                             |                               |                           |                     |                    |
| Áhöld og búnaður .....  | 139.439.412                   | 137.713.549               |                     |                    |
| Lækninga- og rannsóknartæki .....   | 71.675.805                    | 81.819.150                |                     |                    |
| Áhöld, tæki og búnaður samtals .....                                      | 211.115.217                   | 219.532.699               |                     |                    |
| Farartæki og vélar .....  | 66.510.983                    | 71.743.381                |                     |                    |
| Aðrar eignir .....  | 1.455.088                     | 1.604.393                 |                     |                    |
|   | <u>279.081.288</u>            | <u>292.880.473</u>        |                     |                    |
| Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020: |                               |                           |                     |                    |
|   | <b>Áhöld, tæki og búnaður</b> | <b>Farartæki og vélar</b> | <b>Aðrar eignir</b> | <b>Samtals</b>     |
| Staða 1.1.2020 .....  | 398.241.163                   | 124.424.080               | 3.801.443           | 526.466.686        |
| Viðbætur á árinu .....  | 38.520.482                    | 9.353.991                 | 0                   | 47.874.473         |
| Selt/niðurfært á árinu .....  | 0                             | (2.450.000)               | 0                   | (2.450.000)        |
|   | <u>436.761.645</u>            | <u>131.328.071</u>        | <u>3.801.443</u>    | <u>571.891.159</u> |
| Afskriftir 1.1.2020 .....   | 178.708.464                   | 52.680.699                | 2.197.050           | 233.586.213        |
| Selt/niðurfært á árinu .....  | 0                             | (1.245.424)               | 0                   | (1.245.424)        |
| Afskrift ársins .....   | 46.937.964                    | 13.381.813                | 149.305             | 60.469.082         |
|   | <u>225.646.428</u>            | <u>64.817.088</u>         | <u>2.346.355</u>    | <u>292.809.871</u> |
| Staða 31.12.2020 .....  | <u>211.115.217</u>            | <u>66.510.983</u>         | <u>1.455.088</u>    | <u>279.081.288</u> |
|   |                               |                           | <b>31.12.2020</b>   | <b>31.12.2019</b>  |
| <b>10 Birgðir</b>   |                               |                           |                     |                    |
| Vörubirgðir matvæli .....   |                               |                           | 5.531.428           | 8.035.665          |
| Vörubirgðir lyf og sjúkrahúsvörur .....                                   |                               |                           | 33.475.920          | 23.893.145         |
|   |                               |                           | <u>39.007.348</u>   | <u>31.928.810</u>  |
| <b>11 Viðskiptakröfur</b>   |                               |                           |                     |                    |
| Viðskiptakröfur .....   |                               |                           | 44.110.697          | 31.979.952         |
| - Niðurfærsla vegna tapsáhættu .....                                      |                               |                           | (1.832.454)         | 0                  |
|   |                               |                           | <u>42.278.243</u>   | <u>31.979.952</u>  |

## Skýringar

|   | 31.12.2020          | 31.12.2019         |
|---|---------------------|--------------------|
| <b>12 Tengdir aðilar</b>  |                     |                    |
| Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.  |                     |                    |
| <i>Kröfur á tengda aðila:</i>   |                     |                    |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....   | 566.220.297         | 311.794.850        |
| Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....  | 15.311.039          | 17.190.948         |
|   | <u>581.531.336</u>  | <u>328.985.798</u> |
| <i>Skuldir við tengda aðila:</i>  |                     |                    |
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....   | 27.356.487          | 36.194.739         |
|   | <u>27.356.487</u>   | <u>36.194.739</u>  |
| <b>13 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður</b>   |                     |                    |
| Fyrirframgreiddur kostnaður .....   | 15.768.298          | 22.090.258         |
| Skattar .....   | 10.582.467          | 11.002.189         |
|   | <u>26.350.765</u>   | <u>33.092.447</u>  |
| <b>14 Handbært fé</b>   |                     |                    |
| Sjóðir .....  | 230.627             | 267.517            |
| Tékkareikningar .....   | 20.143.573          | 41.744.795         |
| Sparisjóðsreikningar .....  | 266.049             | 102.708.176        |
|   | <u>20.640.249</u>   | <u>144.720.488</u> |
| Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 14,7 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.   |                     |                    |
| <b>15 Eigið fé</b>  |                     |                    |
| Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;  |                     |                    |
| <b>Hrein eign</b>   |                     |                    |
| Jöfnuður 1.1. ....  | 5.038.685           | 68.679.905         |
| Afkoma ársins .....   | (37.377.657)        | (63.641.220)       |
| Jöfnuður 31.12. ....  | <u>(32.338.972)</u> | <u>5.038.685</u>   |
| Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi. |                     |                    |
| <b>16 Skuldir við lánastofnanir</b>   |                     |                    |
| Skuldir við lánastofnanir eru skammtímafjármögnun í viðskiptabönkum stofnunarinnar. Lánin eru með gjalddaga innan árs en framlengjanleg.  |                     |                    |
|   | 31.12.2020          | 31.12.2019         |
| Skuldir við lánastofnanir greinast þannig:  |                     |                    |
| Bankareikningslán .....   | 49.635.074          | 0                  |
|   | <u>49.635.074</u>   | <u>0</u>           |
| <b>17 Ýmsar skammtímaskuldir</b>  |                     |                    |
| Ógreitt orlof .....   | 426.798.990         | 349.076.343        |
| Ógreidd laun .....  | 0                   | 25.163.952         |
| Önnur ógreidd gjöld .....   | 12.330.918          | 14.019.551         |
|   | <u>439.129.908</u>  | <u>388.259.846</u> |

## Skýringar

### 18 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

|   | 31.12.2020         | 31.12.2019         |
|---|--------------------|--------------------|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga ..... | 279.458.896        | 296.931.335        |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....             | 43.995.844         | 20.022.765         |
|   | <u>323.454.740</u> | <u>316.954.100</u> |

|  | Frestaðar<br>tekjur vegna<br>fjárfestinga | Fjárfestinga-<br>fjárveiting | Samtals<br>frestaðar<br>tekjur |
|--|---|------------------------------|--------------------------------|
| Staða 1.1.2020 .....                             | 296.931.335                               | 20.022.765                   | 316.954.100                    |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins .....            | 0   | 70.300.000                   | 70.300.000                     |
| Gjafir til fjárfestinga .....                    | 0   | 847.552                      | 847.552                        |
| Söluverð eigna .....                             | 0   | 700.000                      | 700.000                        |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum ..... | 47.874.473                                | (47.874.473)                 | 0                              |
| Tekjufærsla frestaðra tekna .....                | (65.346.912)                              | 0                            | (65.346.912)                   |
|  | <u>279.458.896</u>                        | <u>43.995.844</u>            | <u>323.454.740</u>             |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 58,9 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

### 19 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði, ýmsa rekstrar- og þjónustusamninga m.a. vegna læknissþjónustu, sjúkraflutninga, lyfjaeftirlits, ræstingu, þvott á líni o.fl. og einnig styrktar- og samstarfssamning vegna endurmenntunar starfsmanna. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 649,3 milljónum, vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 316,7 milljónum og vegna styrktar- og samstarfssamninga kr. 7,8 milljónum.

Stofnunin ber hlutdeild í lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sem látið hafa af störfum. Lífeyrisskuldbindingin hefur ekki verið skuldfærð í reikningskil stofnunarinnar en greiðsla af henni á árinu 2020, kr. 26,9 milljónir, er gjaldfærð meðal launa.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.